



IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
postur@idn.stjr.is
www.idn.stjr.is

Reykjavík 17. janúar 2008
Tilv.: IDN08010107/12.021

Efni: Rökstuðningur Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra fyrir skipun Ólafar Ýrar
Atladóttur í embætti ferðamálastjóra.

Vísað er til erindis yðar sem dagsett er 10. janúar 2008 þar sem óskað er eftir rökstuðningi
iðnaðarráðherra vegna skipunar í embætti ferðamálastjóra þann 2. janúar s.l.

Samkvæmt 3. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005, skipar iðnaðarráðherra
ferðamálastjóra til fimm ára í senn. Í lögunum eru ekki gerðar neinar menntunar- eða
hæfniskröfur til þeirra sem gegna stöðu ferðamálastjóra og gilda því almenn hæfisskilyrði
laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í auglýsingu um stöðu ferðamálastjóra voru gerðar eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Reynsla af stjórnun og rekstri.

Þekking á Íslandi og íslenskri ferðaþjónustu.

Góð tungumálakunnátta.

Reynsla af alþjóðlegum samskiptum.

Frumkvæði og leiðtogahæfni.

Sveigjanleiki og miklir hæfileikar í mannlegum samskiptum.

Einnig kom fram að starfið gerði kröfu um að viðkomandi væri tilbúinn til að vera leiðandi í

breytingaferli við að efla atvinnugreinina enn frekar og í nýju samstarfi lykilaðila í alhliða kynningu á Íslandi á erlendri grund. Þá kom fram að æskilegt væri að viðkomandi hefði þekkingu á stjórnsýslu.

Umsækjendur um stöðu ferðamálastjóra voru fimmtíu talsins. Að lokinni skoðun á öllum umsóknum, viðtölum við hluta umsækjenda og viðræðum við umsagnaraðila voru þrír taldir skara fram úr miðað við þær menntunar- og hæfniskröfur sem gerðar voru í auglýsingu. Að yfirveguðu ráði tók ég þá ákvörðun að ráða Ólöfu Ýrr Atladóttur sem ferðamálastjóra. Ég taldi það að öllu samanlögðu farsælast fyrir starfsemi Ferðamálastofu. Við þessa ákvörðun tók ég einnig mið af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 en á grundvelli þeirra er viðurkennt að velja skuli aðila af því kyni sem er í minnihluta á hlutaðeigandi starfssviði þegar tveir eða fleiri jafnhæfir einstaklingar sækja um stöðu.

Ólöf Ýrr hefur að baki mikinn og fjölbreyttan menntunarferil sem nýtast mun vel í yfirgripsmiklu starfi ferðamálastjóra. Hún er íslenskufraeðingur BA og líffraeðingur BSc frá Háskóla Íslands. Hún er með meistarapróf, MSc í líffraeði frá University of East Anglia. Þá hefur Ólöf lokið MPA námi í opinberri stjórnsýslu og diplómaprófi í þróunarfræðum frá HÍ. Ólöf hefur ennfremur birt vísindagreinar á sviði líffraeði. Ekki leikur nokkur vafi á því að hún hefur skarpan og greinandi hug sem er agaður af vísindalegum vinnubrögðum og nákvæmni.

Ólöf hefur fimm ára reynslu af stjórnun í opinberum rekstri þar sem hún bar ábyrgð á starfsmannahaldi, hafði fjármálalega ábyrgð og annaðist skjalastjórn. Fékk hún bestu meðmæli fyrir frammistöðu í því starfi. Í sínu fyrra starfi stóð hún m.a. fyrir breytingum á verkferlum sem mæltust vel fyrir.

Auk menntunar á sviði bókmennta- og náttúrufræði hefur Ólöf reynslu á sviði ferðaþjónustu úr landvörslu og fararstjórn, hún var einnig forstöðumaður Kviklu, fræðagarðs við Mývatn sem m.a. stóð fyrir nýjungum á sviði þekkingartengdrar ferðaþjónustu. Ólöf hefur einnig kennt við ferðamáladeild Hólaskóla og verið fengin til að kynna náttúrufar og ferðamennsku á Íslandi hér heima og erlendis.

Ólöf er með háskólapróf í íslensku en auk þess talar hún ensku, sænsku og þýsku og hefur


flutt erindi á öllum þessum tungumálum á málþingum og ráðstefnum víða um lönd.

Ólöf hefur tekið þátt í erlendu samstarfi með margvíslegum hætti. Hún hefur m. a. verið fulltrúi Íslands á fundum sérfræðinefndar Evrópuráðsins um lífsiðfræði, flutt fyrirlestra á ráðstefnum og tekið þátt í rannsóknarverkefnum.

Í námi jafnt sem störfum hefur Ólöf Ýrr vakið athygli fyrir frumkvæði og ákveðni og sýnt að hún er óhrædd við að fara ótroðnar slóðir og standa fyrir nýjungum. Hún hefur einnig til að bera sveigjanleika, glaðværð og félagslyndi sem gera hana sérstaklega hæfa til samskipta við einstaklinga og hópa með ólíkan bakgrunn. Ekki spillir heldur í þessu viðfangi að hún er mjög vel að sér um menn og málefni.

Ólöf Ýrr hefur valist til forystu á ýmsum vettvangi og var m.a. formaður Líffræðifélags Íslands 2001-2005. Á háskólaárunum sat hún í stúdentaráði, var formaður Hagsmunafélags líffræðinema 1994-1996 og formaður Mímis, félags íslenskunema 1989-1990.

Við flutning málefna ferðaþjónustunnar til iðnaðarráðuneytis er stefnt að því að gera breytingar á umhverfi greinarinnar. Stefnt er að því að Ferðamálastofa haldi sínum sessi sem leiðandi stofnun í stjórnsýslu ferðaþjónustunnar en að aðrar stofnanir iðnaðarráðuneytis og ríkisins taki einnig virkan þátt í uppbyggingu greinarinnar. Þá hefur ferðaþjónustan um árabil kallað eftir auknu samstarfi ólíkra aðila á sviði markaðsmála og hyggst ég beita mér fyrir því. Þetta kallar á nýja hugsun og mikinn samstarfsvilja og af þessu tilefni var sérstaklega tekið fram í auglýsingu að umsækjendur þyrftu að vera tilbúnir til að vera leiðandi í breytingaferli. Ég tel að miðað við reynslu og þekkingaröflun Ólafar Ýrar þá sé hún vel til þess fallin að takast á við framangreint. Hún lýsti í viðtölum skýrri framtíðarsýn fyrir Ferðamálastofu og íslenska ferðaþjónustu og tel ég hana líklegri en aðra umsækjendur til að hleypa nýju blóði í starfsemi stofnunarinnar þannig að Ferðamálastofa geti verið burðarás í því breytingarferli sem framundan er m.a. við flutning á málaflokknum til iðnaðarráðuneytis.



Össur Skarphéðinsson



Kristján Skarphéðinsson